



Til bæjarráðs

Kópavogi, 28. september 2022
2208842/102.27 SP

Varðar: Beiðni um kaup á hjóli fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins að Boðáþingi

Á fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar þann 8. september 2022 var lögð fram tillaga til bæjarráðs frá Hjólað óháð aldri dagsett þann 30. ágúst 2022. Tillagan varðar beiðni um kaup á hjólum fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins að Boðáþingi og var óskað umsagnar velferðarsviðs vegna þessa.

Sýnt hefur verið fram á ágæti hjólaferða með íbúum hjúkrunarheimila víðs vegar um landið. Íbúar upplifa meiri lífsgleði, frelsi og finna fyrir auknu sjálfstrausti þar sem virkni þátttakendur í eigin lífi eykst sem og ábatinn af því njóta félagsskaps þess sem hjólar með viðkomandi. Þeir sem hjóla með íbúunum þurfa að fara á þar til gert námskeið svo þeir geti á öruggan máta hjólað um með farþega. Auk þess þarf að halda utan um nýtingu hjólsins og viðhald.

Velferðarsvið Kópavogsbæjar tekur jákvætt í þá hugmynd að fjárfest sé í hjólum til handa íbúum hjúkrunarheimilisins að Boðáþingi þar sem sýnt þykir að geti aukið lífsgæði þeirra íbúa sem geta nýtt sér hjól. Boðáþing heyrir undir Hrafnistuheimilin sem er hluti af fyrirtækjum í velferðarþjónustu.

Í tillögunni sem lögð er fyrir bæjarráð kemur jafnframt fram að hjólabúnaður hafi nú verið til staðar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð frá árinu 2016 sem er vel. Kostnaðarskipting vegna kaupa á hjóli til Sunnuhlíðar var með þeim hætti að Kópavogsbær greiddi 50% framlag vegna kaupanna og 50% var greitt af Byko. Hjólið kostaði á sínum 800.000 krónur og hefur sveitarfélagið séð um að kaupa útbúnað fyrir hjólið þegar þess hefur þurft og ennfremur sinnt og greitt fyrir allt viðhald. Samhliða kaupum á hjólinu voru unnar lagfæringar á hjólaleiðinni í Kópavogsdal til þess að liðka fyrir notkun hjólsins og tryggja gott aðgengi.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs